

Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. september 2019
Tilvísun: OS2019060043/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Framlenging á leyfi til efnistöku af hafsbotni í við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði til eins árs

Vísað er til erindis Björgunar ehf., dags. 24. júní 2019, þar sem óskað er eftir framlengingu til eins árs á leyfi til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell, útgefnu af Orkustofnun þann 29. júlí 2009 til tíu ára (leyfi nr. OS-2009-L013-01).

Þann 16. janúar 2019 sótti Björgun um leyfi til tuttugu ára til töku á allt að 5.995.000 m³ af mól og sandi í sömu námum og fyrra leyfi tekur til. Orkustofnun staðfesti móttöku umsóknarinnar með bréfi dags. 21. janúar sl. Við nánari yfirferð umsóknarinnar, og annarra umsókna fyrirtækisins um leyfi til efnistöku í Kollafirði og í sunnanverðum Faxaflóa, komu í ljós frekari álítaefni og í því ljósi var óskað eftir fundi með fulltrúum Björgunar til yfirferðar á stöðu mála. Sá fundur fór fram í höfuðstöðvum fyrirtækisins þann 11. apríl sl. og í lok hans var sammælt um að Björgun myndi taka afstöðu til þeirra spurninga sem fram voru lagðar, m.a. um umfang efnistöku og um úrlausn mála tengdum áliti Skipulagsstofnunar frá 25. febrúar 2009.

Í ljósi framkominna ábendinga sendi Björgun ehf. inn breytta umsókn með bréfi dags. 24. júní sl. Þar sem ekki yrði lokið afgreiðslu á svo breyttri umsókn innan þess tíma sem fyrra leyfi rynni út óskaði fyrirtækið jafnframt eftir framlengingu fyrra leyfis til eins árs, til sömu efnistökusvæða og að framan greinir, innan sömu námumarka og fyrra leyfi og þess efnismagns sem veitt var leyfi fyrir. Fram kemur í umsókn að enn er umtalsvert eftir af umsóttu efnismagni fyrra leyfis á öllum þremur svæðunum.

Í ljósi framanritaðs og fram lagðra gagna leyfishafa fellst Orkustofnun hér með á að áður út gefið leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, á Laufagrunni og við Kiðafell í Hvalfirði, dags. 29. júlí 2009, verði framlengt til 29. júlí 2020 meðan unnið er að afgreiðslu nýrrar leyfisumsóknar. Skilmálar þeir er fylgdu útgefnu leyfi skulu haldast óbreyttir með leyfi þessu.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, sæta kærnu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, samkvæmt 6. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga, nr. 130/2011, skal kæra til úrskurðarnefndar borin fram innan eins mánaðar frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur